

Nd.

97. Frumvarp til laga

um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Flm.: Finnur Jónsson, Gísli Guðmundsson, Páll Þorbjörnsson.

1. gr.

Stofna skal í sambandi við Fiskveiðasjóð Íslands sérstakan sjóð, sem nefnist Skuldaskilasjóður vélbátaeigenda.

2. gr.

Stofnfé skuldaskilasjóðs er 1½ milljón króna. Upphæð þessa tekur sjóðurinn að láni, og ábyrgist ríkisstjórnin fyrir hönd rikissjóðs greiðslu lánsins, enda skal rikissjóður leggja fram árlega sem styrk til sjóðsins upphæð, sem svarar árlegum afborgana- og vaxtagreiðslum af láninu.

3. gr.

Lán úr skuldaskilasjóði skulu veitt eigendum vélbáta, ekki stærri en 60 smálesta, og skal lánunum varið til þess að ná samningum um nauðsynlegar eftirgjafir skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum. Lánin skulu veitt með þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem í lögum þessum greinir.

4. gr.

Að jafnaði skal engum lánbeiðanda veitt hærra lán úr skuldaskilasjóði en sem svarar 15% af virðingarverði allra eigna hans. Þó má, ef sérstaklega stendur á, og það, að dómi sjóðstjórnarinnar, telst nauðsynlegt til þess að koma atvinnurekstri lánbeiðanda á heilbrigðan grundvöll, veita honum nokkru hærra lán, ef hann fær eftirgjöf á svo miklu af skuldum sínum, að eftirstöðvar þeirra, að viðbættu láni skuldaskilasjóðs, fari eigi fram úr virðingarverði eigna hans.

5. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum eru þessi:

1. Að lánbeiðandi reki vélbátaútveg sem aðalatvinnuveg.
2. Að hann sé að dómi sjóðstjórnarinnar vel hæfur til að reka vélbátaútveg.
3. Að skuldir hans nemi meiru en sem svarar 75% af virðingarverði eigna hans, enda telji sjóðstjórnin honum ekki kleift að standa við skuldbindingar sínar eða að reka útgerðina á heilbrigðum grundvelli án aðstoðar sjóðsins.
4. Að samningar náist um svo mikinn afslátt á skuldum lánbeiðanda, að raunverulegar eftirstöðvar þeirra, sem sé allar skuldir hans, eftir að lán skuldaskilasjóðs hefir verið veitt og skuldaskilasamningur gerður, nemi ekki meiru en sem svarar þeim hluta af virðingarverði allra eigna hans, sem sjóðstjórnin telur honum fært að standa straum af, og aldrei meiru en sem svarar fullu virðingarverði eignanna; svo og að samningar náist um viðunanleg greiðslukjör á þeim hluta skulda hans, sem ekki greiðist með skuldaskilasjóðsláninu.
5. Að hann geti sett þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðstjórnin tekur gilda. Skulu lánin vera forgangskröfur næst á eftir forgangskröfum, sem nú eru í lögum.

6. gr.

Vextir af lánum úr skuldaskilasjóði skulu vera $4\frac{1}{2}$ af hundraði á ári. Láns-
tíminn skal fara eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar. Þó skal hann aldrei vera lengri
en 18 ár.

Lánin séu vaxtalaus fyrsta ár lánstímans og afborgunarlaus fyrstu þrjú árin.
Þó skal áskilið, að ef efnahagur lántakanda breytist svo, að honum verði auðvelt
að greiða lán sitt á skemmri tíma, að dómi sjóðstjórnarinnar, geti hún gert hon-
um að greiða vexti frá lánveitingardegi og afborganir fyrr, eða hærrí afborganir
af láninu en annars er tilskilið.

Ennfremur sé áskilið, að ef lántakandi breytir um atvinnuveg, eða ef eig-
endaskipti verða að hinni veðsettu eign, sé sjóðstjórninni heimilt að ákveða, að
lánið sé þegar fallið í gjalddaga.

Gjalddagi skal vera 1. nóvember ár hvert. — Sé árgjald ekki innt af hendi
innan tveggja mánaða frá gjalddaga, er lánið allt fallið í gjalddaga. Þó skal
veita skuldunaut gjaldfrest, ef hann leggur fram skilríki, sem stjórn skuldaskila-
sjóðs tekur gild, fyrir því, að hann geti ekki innt afborgun af hendi án hnekki-
s fyrir atvinnurekstur sinn, en hann hinsvegar heldur veðinu vel við og stundar á-
fram þann atvinnurekstur, sem lánið var upphaflega veitt til stuðnings.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er lántakanda rétt að veð-
setja skuldaskilasjóði veiðarfæri, áhöld, húsgögn og annað lausafé, án sérstakrar
sundurliðunar, jafnt það, er veðsali á þegar veðsetning fer fram, sem hitt, er
hann kann síðar að eignast. — Veð sjóðsins gengur fyrir öllum síðari lausafjár-
veðsetningum lántakanda, að undanskildum veðum, sem lánsstofnunum eru sett
í sjávarafurðum eða útgerðarvörum vegna rekstrarlána.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, eftir að skuldabréf hefir verið þinglesið, og
heldur sjóðurinn þá veðrétti sínum, þótt skuldabréfið sé eigi þinglesið í hinni
síðari þinghá veðsala.

8. gr.

Stjórn skuldaskilasjóðs skal skipuð þrem mönnum, er ríkisstjórnin útnefni,
og skal einn þeirra vera bankastjóri í Útvegsbankanum, og er hann formaður
sjóðstjórnarinnar. Skal sjóðstjórnin skipuð til 31. des. 1936, enda skal lánveit-
ingum úr sjóðnum þá lokið. Eftir það hefir stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands störf
sjóðsins á hendi.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum Fisk-
veiðasjóðs og úrskurðaðir af atvinnuáráðherra og hirtir í B-deild Stjórnar-
tíðindanna.

9. gr.

Þar, sem vélbátaútvegur er stundaður, getur sjóðstjórnin skipað einn eða
fleiri menn sér til aðstoðar um að afla gagna til ákvarðana um lánveitingar.
Ákveður sjóðstjórnin þóknun til þeirra.

10. gr.

Umsóknir um lán úr skuldaskilasjóði skulu stilaðar til sjóðstjórnarinnar, en sendar hlutaðeigandi umboðsmönnum hennar í héraði, sem afgreiða þær svo fljótt sem unnt er til sjóðstjórnarinnar.

Lánbeiðni skal fylgja:

1. Afrit af síðustu skattskýrslu lánbeiðanda.
2. Síðasti rekstrar- og efnahagsreikningur lánbeiðanda.
3. Sundurliðuð skrá yfir eignir lánbeiðanda og mat umboðsmanna sjóðsins á þeim. Sé þar nákvæmlega tekið fram, hverjar fasteignir hans séu, og greint frá því, hvaða breytingar hafa orðið á þeim frá síðasta fasteignamat þeirra og hvert fasteignamat sé á þeim nú.

Af vélbát eða vélbátum lánbeiðanda skal senda nákvæma lýsingu, þar sem greint sé frá aldri báts og vélar, meðferð og viðhaldi, síðustu sölu — hvenær seldir og fyrir hvaða verð — og öðru, sem kann að veita upplýsingar um sannvirði bátsins. Heimilt er umboðsmönnum að leita aðstoðar kunnáttumanna um þetta.

Frá veiðarfærum, áhöldum, salti, olíu, aflabirgðum, útistandandi skuldum og öðru lausafé lánbeiðanda skal greint sem ýtarlegast.

4. Sundurliðuð skrá yfir lánardrottna lánbeiðanda. Skal þar greina skuldarupphæð, hvort skuld er tryggð með veði eða ábyrgð og hver tryggingin er, gjalddaga, afborgunarskilmála og önnur skuldakjör.
5. Sundurliðuð skrá yfir ábyrgðir lánbeiðanda. Skal greint, hverjar aðrar tryggingar eru fyrir ábyrgðarskuldunum, og þess getið, hvort líkur eru fyrir, að ábyrgðirnar falli á lánbeiðanda.
6. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra um, hve lengi lánbeiðandi hafi rekið vélbátaútgerð og hvar.
7. Drengskaparyfirlýsing lánbeiðanda um, að allar upplýsingar séu gefnar eftir beztu vitund.
8. Rökstutt álit umboðsmanna sjóðstjórnar um aðstöðu lánbeiðanda til vélbátaútgerðar og afkomumöguleika hans.
9. Álit umboðsmanna um það, undir hve háum greiðslum vaxta og afborgana útgerð hans fái staðið, þannig að lífvænlegt sé fyrir hann.
10. Aðrar upplýsingar, sem sjóðstjórnin kann að óska eftir.

11. gr.

Skipa skal tvo matsmenn fyrir hvern landsfjórðung eða fyrir tiltekin útgerðarsvæði, eftir nánari ákvörðun stjórnar skuldaskilasjóðs, til þess að meta til peningaverðs fasteignir og vélbáta lánbeiðenda skuldaskilasjóðs. Skal annar skipaður af sjóðstjórninni, en hinn af atvinnumálaráðherra. Þóknun fyrir störf þeirra ákveður atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, og greiðist kostnaður við störf þeirra úr skuldaskilasjóði.

Matsmenn skuldaskilasjóðs skulu meta til sannvirðis allar fasteignir og vélbáta lánbeiðenda, með tilliti til þess, sem nú greinir:

1. Hvernig ástand eignarinnar er nú, og hvort verulegar endurbætur eru nauð-

- synlegar á henni, vegna þess að viðhald hennar hafi verið vanrækt undanfarin ár.
2. Hvaða leigu eða afgangi megi ætla, að hægt sé að fá nú árlega eftir eignina.
 3. Hvaða verð sé líklegt, að fáist nú fyrir eignina með frjálsri sölu eða nauðungarsölu.
 4. Að hve miklu leyti eignin fullnægi nú þeim kröfum um nothæfi, sem gerðar eru, eða hvort til þess verði að gera á henni breytingar, er hafi verulegan kostnað í för með sér.
 5. Sérhvers annars, sem líklegt er, að hafi áhrif á verðmæti eignarinnar.

12. gr.

Þegar er sjóðstjórnin hefir fengið í hendur tillögur umboðsmanna og virðingargerðir matsmanna, tekur hún ákvörðun um, hvort lánbeiðandi getur komið til greina við lánveitingu. Skal hún þá láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir, um að lýsa kröfum sínum fyrir stjórn sjóðsins, með 6 vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests. Ef skuldareigandi, sem ekki hefir lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar meðan á samningaunleiðunum stendur færir líkur fyrir, að hann hafi eigi átt kost á að sjá auglýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er sjóðstjórninni þó heimilt að taka kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður þær kröfur, sem eigi er lýst innan hins tiltekna frests. Sé ekki lýst öllum þeim kröfum, sem taldar eru fram sanræmt 10. gr. 4. lið, skal sjóðstjórnin sannprófa, hvort framtalið er rétt.

13. gr.

Að liðnum innköllunarfresti skal sjóðstjórnin, svo fljótt sem unnt er, taka ákvörðun um, hvort hún telur fært að veita lánbeiðanda lán úr skuldaskilasjóði. Telji hún, að umsækjandi geti komið til greina, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annaðhvort bréflega eða með símskeyti.

14. gr.

Nú telur stjórn skuldaskilasjóðs, að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem lög þessi setja fyrir lánveitingum úr sjóðnum, og skal hún þá, svo fljótt sem auðið er, semja frumvarp til skuldaskila fyrir hann, ef hún telur, að hann þurfi að fá eftirgjöf á skuldum eða samninga við lánardrottna. Í frumvarpinu skulu taldar sér í flokki þær skuldir, er samningum er eigi ætlað að ná til, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um. Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta lántakanda er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

15. gr.

Þegar eftir að samningafrumvarp það, sem í 14. gr. getur, er fullsamið, skal sjóðstjórnin með áhyrgðarbréfi eða símskeyti tilkynna það öllum þeim

lánardrottnum, er kröfu hafa lýst í búíð, og boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara. Samtímis skal lánbeiðanda sjálfum tilkynnt efni sammingsins, og skal hann innan 5 daga frá því er tilkynning barst honum í hendur segja til um, hvort hann treystist til að ganga að honum. Sé svarið neitandi, skal fundarboð afturkallað í tæka tíð. Þangað til fundurinn er haldinn, skal frumvarp eða staðfest afrit liggja á skrifstofu sjóðsins skuldheimtumönnum til sýnis.

16. gr.

Á skuldheimtumannafundi þeim, er um getur í 15. gr., skal sjóðstjórnin leggja fram sammingsfrumvarp, svo og nákvæman efnahagsreikning lánbeiðanda, staðfestan af stjórn sjóðsins. Skuldheimtumenn eiga heimtingu á að fá sér hverjar upplýsingar um hag lánbeiðanda, er sjóðstjórnin getur látið í té. Þeim er og heimilt að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Verði þær samþykktar, hefir sjóðstjórnin heimild til að taka frumvarpið aftur, ef hún telur þær verulega máli skipta. Að öðrum kosti ber sjóðstjórnin frumvarpið undir atkvæði skuldheimtumanna, þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur.

17. gr.

Hljóti frv. atkvæði svo margra skuldheimtumanna eða umboðsmanna þeirra, að þeir ráði yfir meira en helmingi samanlagðra kröfuupphæða mættra skuldheimtumanna, þeirra er samningnum er ætlað að ná til, hefir sjóðstjórnin heimild til að staðfesta það, og er það þá bindandi einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði á móti því, eða eigi mætt á fundi. Leysir það þá skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hvernar sammingskröfu, sem undan er skilin í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.

18. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur skal sjóðstjórnin ganga frá lánskjöllum og sjá um, að formlega sé gengið frá öllu því, sem samningurinn kveður á um.

19. gr.

Samningur haggar eigi heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á lánbeiðanda.

20. gr.

Samningurinn hefir engin áhrif á þær kröfur, sem hér greinir:

1. Skuldir tryggðar með veði í fasteign eða skipi, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meiru en verðmæti veðsins. Sé skuldin hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati því, sem lagt er til grundvallar við sammingsgerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins, enda óski veðhafi ekki eftir kaupum á hinni veðsettu eign fyrir að minnsta kosti 15% hærra verð en matsverð.

2. Skuldir tryggðar með handveði. Gildir að öllu hið sama um þær og hinar, sem taldar voru undir 1. lið.
3. Forgangskröfur samkv. 8. kap. 83. gr. skiptalaganna, að svo miklu leyti sem eigur lánbeiðanda teljast hrökkva fyrir þeim.
4. Skuldir tryggðar með lausafjárveði, ef sú veðsetning fór fram eigi síðar en ári áður en lánbeiðnin var send, að svo miklu leyti sem veðið hrekkur fyrir þeim. Komi það hinsvegar í ljós, að skuldin sé hærri en verðmæti veðsins, samkvæmt mati því á eigum lánbeiðanda, sem lagt er til grundvallar við samningagerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins.

21. gr.

Frá því er lánbeiðandi hefir sent lánbeiðni til sjóðstjórnarinnar og þangað til samningaumleitunum endanlega er lokið, má lánbeiðandi eigi greiða skuldheimtumönnum skuldir, sem áður eru stofnaðar, hvort sem þær eru fallnar í gjalddaga eða eigi, nema um veðkröfur eða ótvíræðar forgangskröfur sé að ræða. Hann má ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánnum, og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Komi í ljós eftir að samningur hefir verið staðfestur, að lánbeiðandi hafi brotið ákvæði greinar þessarar, er sjóðstjórninni heimilt að ógilda samninginn og endurheimta lánið án fyrirvara, ef útborgað hefir verið. Það fé, er skuldheimtumenn hafa þegar tekið á móti, verður eigi endurheimt.

22. gr.

Jafnskjótt sem umboðsmaður skuldaskilasjóðs eða stjórn sjóðsins hefir tekið við lánbeiðni, skal það tilkynnt skiptaráðanda, og er þá hverskonar aðför vegna skulda lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til samningaumleitunum er lokið. Eigi verður heldur bú hans tekið til gjaldþrotaskipta frá sama tíma. Nú takast eigi samningar og bú lánbeiðanda er tekið til gjaldþrotaskipta áður en sex mánuðir eru liðnir frá því er samningaumleitunum lauk, og við skiptin kemur í ljós, að lánbeiðandi hefir brotið gegn ákvæðum 21. gr., og má þá með málsókn rifta þeim samningum og greiðslum, er ólöglega hafa farið fram, samkv. reglum gjaldþrotaskiptalaga, enda sé málsókn hafin innan sex vikna frá því er búskipti byrja. Tímabilið frá því er umboðsmaður skuldaskilasjóðs eða stjórn sjóðsins hefir tekið við lánbeiðni og þangað til samningaumleitunum er lokið telst ekki með fyrningartíma skuldar, vixilréttar né neinna réttargerða.

23. gr.

Skuldaskilasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

Bækur sjóðsins, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, svo og skuldabréf fyrir lánnum úr sjóðnum og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum eru undanþegin stimpilgjaldi.

Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

24. gr.

Í reglugerð fyrir skuldaskilasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt eigi sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í lögum þessum, og fari þau þó eigi í bága við nein ákvæði laganna.

25. gr.

Þegar lokið er lánveitingum úr skuldaskilasjóði, skulu eignir sjóðsins renna í stofnsjóð Fiskveiðasjóðs Íslands, jafnóðum og útlán skuldaskilasjóðs afborgast, enda annist Fiskveiðasjóður skrifstofuhald skuldaskilasjóðs frá upphafi, skuldaskilasjóði að kostnaðarlausu.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk ríkisstjórnarinnar, og nægir að miklu leyti að vísa til nál. meiri hluta sjávarútvegsnefndar Nd. 1934, á þskj. 739, og er stofnfé sjóðsins miðað við það, að unnt verði að veita þeim eigendum vélbáta, sem skulda 75% eða meira á móti eignum, aðstoð til þess að ná samningum um skuldir sínar og eftirgjafir skulda, er nægi til þess að koma skuldum þeirra til annara en skuldaskilasjóðs niður í ca. 75% á móti eignum.

Samkv. skýrslu millipinganefndar í sjávarútvegs málum 1933—1934 eru eignir þeirra útvegsmanna (3. og 4. flokks, er skulda 75% á móti eignum eða meira), sem lögum þessum er aðallega ætlað að ná til, metnar alls kr. 9157586.00. Sá hluti (15%) af upphæð þessari, sem skuldaskilasjóði er að jafnaði ætlað að lána, nemur kr. 1373637.90. Ekki er líklegt, að mat sjóðsins á eignum lánbeiðenda breyti þessum tölum svo neinu nemi. Því að þótt lægra mat á eignum minnki eitthvað lánin til hinna fyrrnefndu tveggja flokka, hlýtur það jafnframt að koma undir skuldaskilin mönnum, sem nú eru taldir til annars flokks. Ætti þetta að veða nokkurnveginn hvað á móti öðru, og lækkun eignanna þannig ekki að hafa nein veruleg áhrif á stofnfjárbörf sjóðsins.

Höfuðmarkmið þessara laga er að koma þeirri grein sjávarútvegsins, sem lögin ná til, á heilbrigðan fjárhagsgrundvöll. Þykir þetta eigi gert, nema lánbeiðendur séu eftir skuldaskilin solvent — ekki einungis að nafninu til, heldur raunverulega, þ. e. að skuldir þær, sem þeir eftir skuldaskilin eiga að standa straum af, nemi ekki meiru en raunverulegu verði eigna þeirra. — Það er því næsta áriðandi, að mat það, sem lagt verður til grundvallar við samningagerðina, sé rétt. — Nú er það alkunna, að því fer mjög fjarri, að núverandi fasteignamat segi rétt til um sannvirði fasteigna í landinu. Er því hvergi nærri einhlitt að leggja það til grundvallar við skuldaskilin. Sannvirði fasteigna hefir viðast hvar lækkað til muna síðan gildandi fasteignamat fór fram — en langmest í þeim plássum, þar sem sjávarútvegurinn hefir borið sig verst og er þar af leiðandi sízt fær um að standa straum af háum skuldum. Af þeirri ástæðu þótti óhjákvæmilegt að setja ákvæði um endurnat fasteigna, er framkvæmt verði eftir

föstum reglum og af fáum völdum mönnum, svo að í matinu verði yfirleitt sem mest samræmi og réttlæti.

Til þess er ætlað, að eignir skuldaskilasjóðs renni óskiptar til Fiskveiðasjóðs, og þykir hlýða að veita sjóðnum þennan stuðning.

Þar eð skuldaskilasjóður hefir sama hlutverk að rækja fyrir sjávarútveginn og kreppulánasjóður fyrir landbúnaðinn, leiðir af líkum, að löggjöf þessi er að ýmsu leyti hliðstæð, og þykir því eigi þörf að láta greinargerð fylgja einstökum greinum frumvarpsins.